

Umhverfisstofnun
Áb. <i>BS</i>
28 JAN. 2005
<i>54.54</i>
Tilv <i>UST20050100126</i>

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
Lárusmúli 1
101 Reykjavík
Sími: 570 8000
Fakki: 570 8001
Netfang: ust@ust.is
Vefur: www.ust.is

28. janúar 2005
Tilvísun: UST20050100126/bs

Lenging flugbrautar Þingeyrarflugvallar í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ. Tilkynning um matsskyldu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar skoðaði aðstæður á vettvangi 4. nóvember 2004 ásamt fulltrúa umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar, fulltrúa Vegagerðarinnar, fulltrúum Flugmálastjórnar og verkfræðistofunar Hönnunar. Framkvæmdarsvæðið er innan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá, Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Á þessu svæði er að finna m.a. "Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dali. Framhlaup og jökulminjar.

Framkvæmdarsvæðið er að stærstum hluta á svæði sem þegar hefur verið raskað vegna lagningar vegar og byggingar flugbrautar. NV-endi flugbrautarinnar nær um 20 m niður fyrir fjöruborð. Ekki virðist vera um auðugt lífríki að ræða í fjörunni, en óneitanlega gæti flugbrautin haft áhrif á umgengni fólks um fjöruna. Mögulegt er að gera fært gangandi fólki fyrir brautarendann ef þörf krefur.

Flugmálastjórn fyrirhugar að lengja núverandi flugbraut um 250 m og breikka öryggissvæði beggja megin brautar um samtals 30 m.

Efnisþörf er fyrirhuguð um 53.000 m³ þar af verða um 33.000 m³ teknir úr farvegi Sandár.

Efnisþörf í grjótvörn er um 800 m³ en það verður sótt í námu í landi Kjaransstaða. Vegna lengingar brautarinnar verður að færa veg (622) suður fyrir flugbrautina alls 1600 m og mun þurfa um 18.000 m³ til þess verks, en fyrirhugað er að taka það efni úr Sandá.


Í fyrnefndri vettvangsferð kom fram að í grjótvörn við brautarenda er unnt að nýta grjót úr frákastshaugum í námunni við Kjaransstaði þannig að ekki þarf að sprengja til að afla þess efnis. Einnig kom fram að aflagður hluti vegar 622 norðan við flugbraut verður jafnaður út. Efni hefur áður verið tekið úr Sandá til vegagerðar. Talið er að hægt sé að ganga ásættanlegt frá fyrirhuguðu efnistökusvæði þannig að farvegi árinna verði ekki spillt og ekki verði hætta á frekara landbroti.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Flugmálastjórn ætlar að gera áætlun um efnistöku úr Sandá í samráði við Umhverfisnefnd

Ísafjarðarbæjar og Umhverfisstofnun. Til að tryggja að umgengni um Sandá verði sem bestur ætti Vegagerðin að hafa samráð við fyrrnefnda aðila þegar að vegagerð kemur við flugvöllinn. Bent skal á að ekki er heimilt að taka efni úr ánni nema að fyrir liggi leyfi Veiðimálastjóra.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson

Afrit: Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar
Oddur Pétursson, eftirlitsráðgjafi Ísafirði
Vegagerðin Ísafirði